

Lög Brúar félags stjórnenda

1. KAFLI: Nafn, heimili, starfssvæði og tilgangur.

- 1.1. Félagið heitir Brú félag stjórnenda. Skammstöfunin BFS.
- 1.2. Heimili þess og varnarþing er í Kópavogi.
- 1.3. Félagið er skipulagsbundið stéttarfélag stjórnenda og annarra sem gegna ábyrgðarstöðum (sbr. 3.1). Sem heild hefur það engin afskipti af stjórnmálum.

2. KAFLI: Aðildarsamband.

- 2.1. Félagið er aðili að Sambandi stjórnendafélaga (STF) og starfar skv. lögum og fyrirmælum.

3. KAFLI: Félagsaðild og félagsgjöld.

- 3.1. Félagar geta þeir einir orðið: Sem starfa sem stjórnendur eða gegna öðrum ábyrgðarstörfum.
- 3.2. Aðili sem óskar eftir inngöngu í félagið skal fylla út umsókn um aðild á heimasíðu félagsins. Umsækjandi skal vera skuldlaus við önnur aðildarfélög STF. Uppfylli umsækjandi inntökuskilyrði laganna, sbr. grein 3.1, öðlast hann sjálfkrafa aðild að félaginu. Skrifstofa félagsins yfirfer umsóknina, staðfestir að skilyrði séu uppfyllt og tilkynnir umsækjanda um inngönguna í tölvupósti. Rísi rökstuddur vafi um hvort umsækjandi uppfylli starfsskilyrði greinar 3.1 skal skrifstofa vísa umsókninni til formlegrar úrlausnar stjórnar.
- 3.3. Verði sett lög á Alþingi er kveða á um menntun og hæfni stjórnenda skulu inntökuskilyrði í félagið tekin til athugunar með hliðsjón af þeim lögum.
- 3.4. Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg.
- 3.5. Aðalfundur ákveður félagsgjald hverju sinni og skiptingu þess á milli sjóða.
- 3.6. Sé félagi án launa/bóta vegna veikinda eða atvinnuleysis ber honum ekki að greiða félagsgjald, sýni hann fullnægjandi vottorð, nema hann njóti bóta sbr. 6. gr. sjúkrasjóðs STF.
- 3.7. Félagi sem orðinn er 70 ára er undanþeginn félagsgjaldi.

- 3.8. Stjórn er heimilt að fella niður félagsgjald í eitt ár í senn sé félagi frá launuðu starfi vegna veikinda eða af öðrum ástæðum, enda hafi verið um það sótt til stjórnar.
- 3.9. Stjórn er heimilt að fella niður félagsgjald til hálf, vinni félagi sannanlega hálf starf sökum heilsubreysts.
- 3.10. Gjald dagar og eindagar iðgjalda eru 20. hvers mánaðar.
- 3.11. Ef félagi hefur ekki greitt félagsgjald í 13 vikur missir hann öll félagsréttindi og öðlast þau ekki aftur fyrr en hann hefur greitt skuld sína að fullu eða sýnt kvittanir frá vinnuveitanda um greidd gjöld.
- 3.12. Stjórn hefur heimild til að fella út af félagaskrá hvern þann sem ekki hefur greitt áskilin gjöld til félagsins í eitt ár.

4. KAFLI: Réttindi og skyldur félaga.

- 4.1. Réttindi félaga eru:
 - Kjörgengi í trúnaðarstörf innan félagsins.
 - Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur um málefni félagsins samkvæmt fundarsköpum þess.
 - Kjörgengi til stjórnar er eftir tveggja ára félagsaðild.
- 4.2. Skyldur félaga eru:
 - Að virða lög félagsins, fyrirskipanir og samninga.
 - Að fylgjast með því að félagsgjöld greiðist reglulega.
 - Að halda öllu því sem fram fer á fundum félagsins stranglega innan vébanda þess.

5. KAFLI: Réttindamissir og brottrekstur.

- 5.1. Falli grunur á félagi um að hann hafi gerst sekur um að vinna gegn stefnu félagsins, samþykktum eða samningum, skal stjórn félagsins rannsaka málið eins vel og unnt er. Verði sekt félaga sönnuð skal stjórnin kveða hann á sinn fund, ræða málið við hann og gefa honum áminningu. Fari svo að áminningin komi ekki að gagni hefur stjórnin heimild til að víkja viðkomandi úr félaginu. Félagi sem vikið hefur verið úr félaginu á rétt á að skjóta ákvörðun stjórnar til næsta lögsmæts félags- eða aðalfundar, sem kveður upp endanlegan úrskurð í málinu með einföldum meirihluta.

- 5.2. Félögum er óheimilt að ganga inn á verksvið hvers annars á einn eða annan hátt og ekki hrekja hvern annan frá verki með lægra launatilboði.

6. KAFLI: Verkföll og verkbönn.

- 6.1. Félagar eru algerlega hlutlausir í kaupdeilum, hvort sem um er að ræða verkföll eða verkbönn. Skyld skal þó hverjum starfandi félaga að gæta þess verðmætis er hann hefur umsjón með og verja það skemmdum eftir eigin getu.

7. KAFLI: Stjórn félagsins, framboð og kosningar.

- 7.1. Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi.
- 7.2. Varamenn skulu vera tveir og hafa rétt til setu á öllum stjórnarfundum en er það ekki skyld. Varamaður skal hafa málfrelsi og tillögurétt.
- 7.2.1 Varamaður er kallaður inn þegar fleiri en 2 stjórnarmenn forfallast.
- 7.2.2 Varamenn eru kallaðir inn til skiptis, sá varamaður sem er framar í stafrófinu er fyrst kallaður inn, síðan koll af kolli.
- 7.2.3 Laun varamanna eru greidd í samræmi við fjölda funda þar sem varamaður er sérstaklega kallaður til, til viðbótar við 15% þóknun varamanna. Þóknun varamanna skal vera 15% af launum meðstjórnanda.
- 7.3. Framboð til formanns, ritara, gjaldkera, varaformanns, meðstjórnanda, tveggja varamanna og skoðunarmanna reikninga skulu berast skriflega til skrifstofu félagsins eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Framboðin skulu vera staðfest af frambjóðanda og merkt kjörnefnd. Þar skal koma fram í hvaða embætti frambjóðandi gefur kost á sér. Þegar skilafrestur á framboðum er liðinn skal kjörnefnd yfirfara þau þannig að nafn hvers frambjóðanda komi aðeins einu sinni fram á kjörseðli, einnig að framboð sé samkvæmt lögum félagsins.
- 7.4. Formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, meðstjórnandi og varamenn skulu kosnir til tveggja ára. Annað árið skulu kosnir 2 aðalmenn og 1 varamaður og hitt árið 3 aðalmenn og 1 varamaður. Skoðunarmenn reikninga skal kjósa til tveggja ára, þá 2 skoðunarmenn og 1 til vara.

- 7.5. Atkvæðaseðill er ógildur ef á hann eru rituð fleiri nöfn en kjósa skal. Heimilt er að kjósa í einni kosningu skoðunarmenn reikninga.
- 7.6. Komi ekki mótframboð telst frambjóðandi sjálfkjörinn.

8. KAFLI: Störf stjórnar, stjórnarmanna og trúnaðarráðs.

8.1. Störf stjórnar:

- 8.1.1. Sjá um að aðalfundur sé haldinn á réttum tíma og aðrir fundir séu haldnir ef þörf krefur.
- 8.1.2. Annast ráðningu starfsfólks félagsins.
- 8.1.3. Gera tillögu um laun stjórnar og skoðunarmanna reikninga og skal leitað samþykkis aðalfundar.
- 8.1.4. Annast útgáfu fréttabréfs svo oft sem kostur er.
- 8.1.5. Sjá um að lögum þessum sé framfylgt.

8.2. Störf einstakra stjórnarmanna:

- 8.2.1. Formaður félagsins er forseti stjórnar þess og kemur fram fyrir hönd félagsins út á við. Hann ber ábyrgð á skrifstofu félagsins og daglegum rekstri.
- 8.2.2. Ritari félagsins skráir í fundargerðarbók stjórnar stuttorða og greinagóða fundargerð um það sem fram fer á stjórnarfundum. Skulu allir viðstaddir stjórnarmenn undirrita fundargerðina.
- 8.2.3. Ritara, eða starfsmanni félagsins í umboði hans, er skylt að varðveita öll bréf send og móttækin svo og önnur skilríki er varða félagið og störf þess.
- 8.2.4. Ritari, eða starfsmaður félagsins í umboði hans sér um bréfaskriftir fyrir stjórnina, birtir félögum bréf og tilkynningar og heldur félagaskrá.
- 8.2.5. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans, varðveitir sjóði félagsins og verðbréf, greiðir reikninga, ábyrgist færslu bókhalds og ársreikninga.
- 8.2.6. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans, skal í samráði við aðra stjórnarmenn sjá um að sjóðir félagsins séu ávaxtaðir á sem hagkvæmastan hátt í sjóðum banka, sparisjóða eða ríkistryggðum skuldabréfum.
- 8.2.7. Gjaldkeri, eða starfsmaður félagsins í umboði hans, skal sjá um að reikningar félagsins séu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða

viðskiptafræðingi og skulu þeir lagðir fram endurskoðaðir á skrifstofu félagsins til sýnis öllum félagsmönnum eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

8.3. Trúnaðarráð:

8.3.1. Stjórn félagsins skal að aðalfundi loknum velja allt að 10 félagi af hinum ýmsu vinnustöðum í trúnaðarráð. Skulu þeir vera stjórninni til aðstoðar varðandi framkvæmd félagsmála.

9. KAFLI: Fundir.

9.1. Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og fundinn skal halda eigi síður en fyrir maílok ár hvert. Stjórnin útbýr skýrslu stjórnar og gerir grein fyrir störfum félagsins á liðnu ári og leggur fram ársreikninga félagsins. Aðalfundur skal auglýstur á vefsvæði félagsins með minnst 15 daga fyrirvara. Með slíkri auglýsingu telst aðalfundur vera löglega boðaður. Samhliða slíkri auglýsingu skal félagið senda fundarboð á skráð netföng allra fullgildra félaga. Í fundarboðinu skal koma fram dagskrá fundarins og tilkynna skal um lagabreytingar ef fyrirhugaðar eru.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Ársreikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar, ef fyrir liggja
5. Ákvörðun félagsgjalds og skiptingu þess milli sjóða
6. Ákvörðun um laun stjórnar og skoðunarmanna reikninga
7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga, eftir því sem við á
8. Önnur mál

9.2. Aðalfundi stjórnar sérstakur fundarstjóri sem kosinn skal með meirihluta atkvæða fundarmanna. Á sama hátt skal kjósa fundarritara. Stjórnarmönnum er óheimilt að gegna embættum aðalfundar. Stjórnin semur dagskrá fyrir fundinn, en að útræddum þeim málum sem á dagskrá eru getur fundarstjóri leyft aðrar umræður ef þess er óskað. Eigi síðar en 15 dögum eftir aðalfund skal fundargerð liggja frammi undirrituð af fundarritara

og fundarstjóra á skrifstofu félagsins. Skriflegar athugasemdir við fundargerðina skulu teknar til umræðu á næsta félags- og/eða aðalfundi.

- 9.3. Takist eigi að ljúka aðalfundarstörfum á einum fundi skal boðað til framhaldsaðalfundar með 6 daga fyrirvara. Honum ber að stjórna samkvæmt lið 9.2 þessara laga.
- 9.4. Félagsfundir skal halda svo oft sem þörf krefur að álit stjórns. Einnig ef 10 eða fleiri félagar sækja þá. Félagsfundir eru lögmætir ef til þeirra er boðað með 6 daga fyrirvara.
- 9.5. Meðferð mála á fundum félagsins fer eftir fundarsköpum þess. Stjórnin getur látið fara fram allsherjaratkvæðagreiðslu um meiriháttar mál ef hún álítur þess þörf, einnig ef 10 félagar óska þess, þó að undangengnum umræðum um málið.

10.KAFLI: Heiðursfélagar.

- 10.1. Heiðursfélagar geta þeir félagar einir orðið sem unnið hafa félaginu sérstaklega mikið gagn. Þó skulu þeir aldrei vera fleiri en 12 í einu. Stjórn félagsins hefur heimild til að velja heiðursfélaga er henni þykir ástæða til og sérstakir verðleikar eru fyrir hendi. Skal hún afhenda þeim gullmerki félagsins ásamt heiðursskjali.
- 10.2. Heiðursfélagar eru undanþegnir gjaldskyldu en halda öllum þeim félagsréttindum sem þeir áður höfðu.

11.KAFLI: Ágreiningsmál.

- 11.1. Rísi ágreiningur milli félaga innbyrðis eða milli stjórnar og félaga varðandi skilning á lögum þessum er deiluaðilum heimilt að vísa málinu til stjórnar STF sem síðan fellir úrskurð um það.
- 11.2. Verði ágreiningur milli atvinnurekanda og stjórnanda í atvinnumálum er viðkomandi félagar skyld að leggja málið strax fyrir stjórn félagsins, sem tekur það til athugunar og reynir að miðla málum.

12.KAFLI: Niðurlagsákvæði og lagabreytingar.

- 12.1. Komi fram tillaga um að lögbinda félagið við annað félag eða félög eða um að slíta slíku sambandi þarf, til þess að sú breyting verði löglega samþykkt,

sömu fundarboðun og til aðalfundar og sama atkvæðamagn og um lagabreytingar.

- 12.2. Ekki er hægt að leysa félagið upp meðan 10 félagar þess vilja halda því saman. Leysist það upp skulu allar eignir þess og skjöl afhent stjórn STF til varðveislu. Verði stofnað nýtt félag á félagssvæðinu innan fimm ára, og hafi það félag gengið í STF, skal afhenda því allar eignir hins fyrra félags. Að öðrum kosti skulu eignirnar renna í sjóð STF.
- 12.3. Tillögur til lagabreytinga skulu vera skriflegar og hafa borist á skrifstofu félagsins fyrir 10. janúar og skulu þær síðan fjölritaðar og liggja frammi á skrifstofu félagsins eigi síðar en 15 dögum fyrir aðalfund. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða fundarmanna þarf til þess að lagabreytingar nái fram að ganga.
- 12.4. Lögum þessum má ekki breyta, úr þeim fella né við þau bæta nema á lögmætum aðalfundi.
- 12.5. Lög þessi skal endurskoða á tveggja ára fresti frá samþykkt þeirra.

Skipulagsskrá fyrir styrktar- og minningarsjóð

1. grein.

Sjóðurinn heitir „Styrktar- og minningarsjóður Brúar félags stjórnenda”.

2. grein.

Sjóðurinn var stofnaður af framlögum félaga árið 1921. Tekjur hans eru ársframlag gjaldskyldra félaga eins og þau eru ákveðin á aðalfundi ár hvert ásamt vöxtum af eignum sjóðsins og hvers konar öðrum tekjum er sjóðnum kunna að vera ætlaðar.

3. grein.

Tilgangur sjóðsins er að greiða dánarbætur við fráfall félaga og er upphæð dánarbótanna ákveðin á aðalfundi ár hvert.

4. grein.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur þar til kjörnum mönnum, þ.e. tveimur aðalmönnum og einum varamanni auk eins manns úr stjórn BFS. Reikninga sjóðsins skal fara með sem aðra reikninga félagsins og aðalfundur kveður upp úrskurð um þá.

Reglugerð Orlofssjóðs Brúar félags stjórnenda

1. grein

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Brúar félags stjórnenda og er eign þess. Stjórn sjóðsins skipar stjórn BFS.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er að veita félögum möguleika á orlofskostum.

3. grein.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins
2. Leigutekjur af orlofshúsum.
3. Gjafir og áheiti til sjóðsins og annað sem sjóðsstjórn gerir til að afla honum tekna.

4. grein.

Óheimilt er að leyfa einstaklingum að reisa hvers konar mannvirki á orlofssvæðum félagsins.

5. grein.

Allar meiriháttar eignabreytingar eru háðar samþykki félagsfundar.

Orlofsnefnd.

1 grein.

Kosin skal orlofsnefnd á aðalfundi og hana skipa tveir þar til kjörnir menn þ.e. einn aðalmaður og einn varamaður auk eins manns úr stjórn BFS og skal hann ætíð vera formaður nefndarinnar.

2. grein.

Orlofsnefnd sér um úthlutun orlofshúsa.

3. grein.

Orlofsnefnd gerir tillögur um rekstur og viðhald orlofshúsa á sem hagkvæmastan hátt svo sem aðkeypt viðhald og eftirlit þar sem því verður viðkomið.

Samþykkt á aðalfundi Brúar félags stjórnenda 28. mars 2022.

Reglugerð vinnudeilusjóðs Brúar félags stjórnenda

1. grein.

Sjóðurinn heitir „Vinnudeilusjóður Brúar félags stjórnenda” og er eign þess. Stjórn sjóðsins skipa þrír þar til kjörnir menn, þ.e. tveir aðalmenn og einn varamaður auk eins manns úr stjórn BFS.

2. grein.

Tilgangur sjóðsins er að veita félögum fjárhagsstuðning í vinnudeilum.

3. grein.

Tekjur sjóðsins eru ákveðið hlutfall af félagsgjöldum sem skal endurskoða á aðalfundi ár hvert. Reikninga sjóðsins skal fara með sem aðra reikninga félagsins og aðalfundur kveður upp úrskurð um þá.